

dómarans, brotið ákvæði 46. gr. 2. mgr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík með nefndu framferði sínu. Kærður hefir þrívægis verið sektaður fyrir brot á bifreiðarlögunum $^{15}/_5$ 1919 kr. 40,00, $^{21}/_1$ 1920 kr. 75,00, $^{4}/_{10}$ 1924 kr. 40,00. Með tilliti til þessa þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir brot sitt hæfilega ákveðin 50 króna sekt í bæiarsjóð. Sektin greiðist fyrir 10. sept. næstkomandi ella skal kærður sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Ennfremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og eiðandi kostnað. — Á máli þessu hefir engin óþarfur dráttur orðið.

Miðvikdaginn 9. desbr. 1925.

Nr. 52/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Otto H. Tancre (Bjarni P. Johnson).

Landhelgisbrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. okt. 1925: Hinir kærðu Otto H. Tancre, Hermann Heuer og Friedrich Seemund, sæti sektum til Landhelgissjóðs Íslands, hinn fyrstnefndi 7000 króna, en hvor hinna síðastnefndu 12500 króna og komi í stað sektar hins fyrstnefnda 5 mánaða einfalt fangelsi, en í stað sekta hinna síðastnefndu 8 mánuða einfalt fangelsi, ef sektirnar eru ekki greiddar innan viku frá uppsögn dóms þessa. Auk þess greiði allir hinir kærðu allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað að $^{1}/_3$ hver.

Loks skulu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. H. C. 106 „Neufundland“, P. G. 301 „Jupiter“ og P. G. 302 „Ernst Wittpfenning“ upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dóminum í máli þessu hefir verið áfrýjað að eins að því er snertir einn hinna dómfeldu, Otto H. Tancre, skipstjóra á botnvörpungnum „Neufundland“ frá Cuxhafen.

Kærði, sem með dómi lögreglurjettar Suður-Múlasýslu 18. mars 1907 hafði verið dæmdur í 1068 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, var með hinum áfrýjaða dómi, með tilliti til eldra dómsins, dæmdur í 7000 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands eða til vara í 5 mánaða einfalt fangelsi fyrir brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, afli og veiðarfæri gerð upp-tæk og málskostnaður lagður á kærða að þriðjungi.

Eins og málið liggur fyrir hæstarjetti, verður að fallast á að kærði er að eins dæmdur eftir nefndri lagagrein, og má staðfesta ákvæði dómsins um upp-tekt afla og veiðarfæra og um málskostnað. Hins-vegar þykir nægilegt að gera kærða 5000 króna sekt til landhelgisjóðs — en brjefkrónan jafngildir nú 81.52 aurum gulls — og vararefsinguna 4 mán-aða einfalt fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sóknara og verjanda í hæsta-rjetti, sem ákveðin eru 80 kr. handa hvorum.

Það athugast um meðferð málsins í hjerði, að það var að nauðsynjalausú höfðað og rekið í einu lagi gegn 3 mönnum fyrir 3 sjálfstæð brot.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Otto H. Tancre, sæti 5000 kr. sekt til landhelgisjóðs eða 4 mánaða einföldu fang-elsi, verði sektin ekki greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Að öðru leyti á lög-reglurjettardóminum að vera óraskað, að því því leyti, sem honum hefir verið áfrýjað.

Svo greiði kærði og allan kostnað af áfrýj-

un málsins, þar með talin sóknar- og varnarlaun hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Bjarna P. Johnson, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjórunum á b/v. H. C. 106 „Neufundland“ frá Cuxhaven, P. G. 301 „Jupiter“ frá Geestemünde og P. G. 302 „Ernst Wittpfenning“ frá sama bæ, þeim Otto H. Tancre frá Cuxhaven, Hermann Heuer frá Geestemünde og Friedrich Seemund frá sama bæ, fyrir brot gegn ákvaðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Það er sannað með eigin játningu kærðra, sem kemur heim við skýrslu þá frá yfirforingjanum á varðskipinu „Íslands Falk“, sem lögð hefir verið fram í málinu, að hinn fyrstnefndi hafði stjórborðsvörpu sína og hlera utanborðs og að nokkur hluti vörpuunnar náði niður í sjóinn og að tveir hinir síðastnefndu voru að veiðum innan íslenskrar landhelgi suðvestur af Dyrhólaey aðfaranótt 27. þ. m. kl. langt gengin 3, er varðskipið kom þar að, tók togarana fasta og fór með þá hingað.

Með þessu framferði hefir kærður Otto H. Tancre sem með lögreglurjettardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 18. mars 1907 var dæmdur í 1200 marka sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, en ekki er upplýst um, að hafi í önnur skifti brotið gegn íslenskri fiskiveiðalöggjöf, gjörst brotlegur við ákvæði 2. gr. framangreindra laga og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin með tilliti til fyrra brots hans og þess, að gengi íslenskrar krónu er nú það eftir upplýsingum frá stjórn Landsbankans, að krónan gildir 80.81 eyri gulls, 7000 krónk sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki öll greidd innan viku, 5 mánaða einfalt fangelsi. Ennfremur sjeu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. H. C. 106 „Neufundland“ upptæk og renni andvirðið í sama sjóð.

Kærdir, Hermann Heuer og Friedrich Seemund, sem ekki er upplýst um, að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, hafa

hinsvegar gjörst brotlegir við ákvæði 1. gr. ofangreindra laga og þykir refsing sú, sem hver þeirra um sig hefir unnið til fyrir það eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgisjódðs og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki öll greidd innan viku, 8 mánaða einfalt fangelsi. Ennfremur sjeu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. „Jupiter“ og „Ernst Wittpfenning“, upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði allir hinir kærðu allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað að $\frac{1}{3}$ hver.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Um hegningarvottorð kærðs Tancrè úr Suður-Múlasýslu hefir verið beðið símleiðis en það er ókomið.

Föstudaginn 11. desbr. 1925.

Nr. 32/1925. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Dormóði Eyjólfsyni (Guðm. Ólafsson).

Tekjuskattmál.

Úrskurður fúgetarjettar Siglufjarðarkaupstaðar 26. jan. 1925: Lögtakspoli sje laus við að greiða frekari tekjuskatt 1923.

Dómur hæstarjettar.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, hvort telja beri þær 5000 kr., er ræðir um í málinu, til skattskyldra atvinnutekna hins stefnda árið 1923, en þessar 5000 kr. stöfuðu frá því, að árið áður, 1922, hafði stefndi selt ónefndum manni sild fyrir 13800 kr., er áttu að greiðast við árslok, en þegar til kom greiddi maður þessi eigi skuld sína, og með því að stefndi, er hann gjörði skýrslu um framtal á tekjum